

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1293
komudagur 28.2.2007



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2007


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, 542. mál.

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin styðja í meginatriðum þær breytingar sem frumvarpið boðar.

Samtökin eru hlynnt útfærslu í frumvarpinu á verklagsreglum um hvernig staðið skuli að afgangi og vali milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á auðlindum í jörðu og vatnsafla til raforkuframleiðslu í þjóðlendum og landi í eigu ríkisins. Í greinargerð með frumvarpinu má skilja sem svo að sú leið sem útfærð er í 13. og 14. grein frumvarpsins sé fyrst og fremst hugsuð vegna raforkuvinnslu, sbr. 4. lið II. kafla í greinargerð. Í lagafrumvarpinu er hins vegar fjallað almennt um nýtingu auðlinda. Nýting grunnvatns, jarðefna og jarðhita til annarra nota en raforkuvinnslu mun því að óbreyttu einnig falla undir þessar greinar. Lagt er til að orðalagi 13. og 14. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við útskýringar í greinargerð og tiltekið að þær eigi við um raforkuframleiðslu.

Í bráðabirgðaákvæðum í frumvarpinu er lagt til að stofnaðar verði þrjár nefndir til að vinna nýtingar- og verndaráætlanir. Samtökin leggja áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað sem kostur er og æskilegt er að vinnunni ljúki fyrir en ráð er fyrir gert í frumvarpinu til að eyða óvissu sem nú ríkir um stöðu þeirra sem hyggja á nýtingu auðlinda. Lagt er til að fulltrúar atvinnulífs eigi sæti í þessum nefndum.

Samtökin benda á að kostnaður vegna gjalds, sem tekið er fyrir nýtingu auðlinda, mun falla á þá notendur raforku sem eru ekki á samkeppnismarkaði, þ.e. almenna notendur og smærri fyrirtæki. Því er brýnt að fénu verði varið þannig að það skili sér til uppbyggingar atvinnulífs. Að undanförmu hafa komið fram hugmyndir þessa efnis og er bent á tillögu um stofnun Íslenska auðlindasjóðsins sem kom fram á fundi Samtaka iðnaðarins „Er Sátt í sjónmáli?“ hinn 21. nóvember síðastliðinn. Þar lagði Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður BM Vallár, til að hluthafar sjóðsins á hverjum tíma yrðu allir íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Á Sprotapeingi sem Samtökin héldu hinn 2. febrúar síðastliðinn lagði Hjálmar Árnason, þingmaður, fram tillögu um að stofnaður yrði Auðlindasjóður sem hefði það að markmiði að fjármagna brýn samfélagsverkefni og að styðja við nýsköpun og atvinnuþróun á Íslandi. Við sama tækifæri tók Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra, undir hugmyndir um stofnun Auðlindasjóðs. Ráðherra nefndi að sjóðurinn gæti tekið virkan þátt í að efla nýsköpunar- og sprotakerfi og látið beinar greiðslu renna til almennings þegar svo ber undir. Þannig yrði arðinum af auðlindum Íslendinga varið til að byggja undir framtíðarárangur. Samtökin leggja til að við frumvarpið bættist ákvæði þess efnis að stofna skuli Auðlindasjóð sem vinni í þessum anda.


Bryndís Skúladóttir,
Samtök iðnaðarins